

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2015

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (breytt valdmörk ráðuneyta, útvistun grunnskólahalds), þskj. 634 - 426. mál**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (breytt valdmörk ráðuneyta, útvistun grunnskólahalds), þskj. 634-426. mál.

Með frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla vegna heimilda sveitarfélaga til að gera samninga við einkaaðila um rekstur á allri grunnskólastarfsemi viðkomandi sveitarfélaga. Í frumvarpinu er tekið fram að með þessu sé brugðist við álitafnum sem skapast hafi í tengslum við heimildir sveitarfélaga til að gera samninga við einkaaðila um rekstur á allri grunnskólastarfsemi viðkomandi sveitarfélags. Þannig er í ákvæði 2. gr. frumvarpsins tekið fram hvað skuli fjalla um í þjónustusamningi leiði samningur við einkaaðila í sér að foreldrar hafi ekki val um skóla, s.s. að ákvæði grunnskólalaga séu uppfyllt og ákvæði um eftirlit skólanefndar sbr. 6. gr. grunnskólalaga.

Fram kemur í frumvarpinu að ein meginástæða þess að verið er að setja skýrari ákvæði vegna einkareksturs grunnskóla sé vegna ágreinings á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins um heimildir sveitarfélaga til að útvista allan rekstur grunnskóla í sveitarfélagi til einkaaðila. Í frumvarpinu er vísað í lögfræðialit þar sem fram hafi komið m.a. að gildandi grunnskólalög standi því ekki í vegi að sveitarfélög geti útvistað rekstur grunnskólahalds í heild sinni til einkaaðila. BSRB bendir aftur á móti á að ekki kemur fram í gildandi grunnskólalögum heimild með skýrum hætti til handa sveitarfélögum til að fela einkaaðilum rekstur grunnskóla í sveitarfélagi í heild sinni. Þannig hefur löggjafinn ekki, fyrr en nú með samþykkt frumvarpsins, tekið skýra og beina afstöðu til þess að sveitarfélögum skuli heimilað að útvista allan rekstur grunnskóla til einkaaðila.

Þá bendir BSRB á að að löggjöf um sjálfstætt starfandi skóla er fátækleg líkt og segir í frumvarpinu. Með nýrri málsgrein við ákvæði 43. gr. er leitast við að setja sveitarfélögum ramma við gerð þjónustusamninga hafi foreldrar ekki val um hvort börn þeirra sækji nám í grunnskóla sem starfræktur sé af sveitarfélaginu eða sé starfræktur af einkaaðila. BSRB dregur í efa að með þessum hætti séu hagsmunir barna og foreldra tryggðir þannig að fullnægjandi sé. Í frumvarpinu er það m.a. viðurkennt með þeim hætti að reynsla muni eftir atvikum sýna fram á þörf fyrir enn frekari lagabreytingar á þessu sviði. BSRB telur algjörlega óásættanlegt að rekstur einkaaðila á allri grunnskólastarfsemi í sveitarfélagi sé þannig á e.k. lagalegum reynslutíma.

Þá bendir BSRB á að eftirlit sveitarfélagsins vegna þess einkaaðila sem rekur grunnskóla verður ekki sambærilegt og ef skólinn væri rekinn af hálfu sveitarfélagsins líkt og kemur fram í umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins. Þar er bent á að ekki sé sama lagalega sambandið á milli einkarekins skóla annars vegar og skólanefndar og ef skólinn er rekinn á vegum sveitarfélagsins sjálfs. Í fyrra tilvikinu sé um að ræða samnings samband en í hinu síðara er um að ræða bein stjórnunarleg tengsl innan sömu skipulagsheildar, þ.e. sveitarfélagsins sjálfs. Í frumvarpinu segir síðan að með glöggri útfærslu í samningi sé þó engu að síður hægt að tryggja að skólanefndin hafi sambærilegt hlutverk, hvað varðar aðhald, yfirsýn og eftirlit gagnvart einkarekna skólanum og skóla sveitarfélagsins sjálfs, þótt eiginleg stjórnunarúrræði verði eftir atvikum takmarkaðri eða taki mið af grunnreglum samningaréttarins að einhverju leyti. BSRB varar sterklega við því að eftirlit með rekstri grunnskóla í heild sinni í sveitarfélagi sé kominn undir *glöggri útfærslu* í samningi. Rekstur grunnskóla og menntun barna er eitt af lykilverkefnum hins opinbera og á ekki að leika nokkur vafi á starfsumhverfi skólanna, m.a. um eftirlit sveitarfélaga með starfsemi þeirra.

Að mati BSRB felur frumvarpið í sér grundvallarbreytingu hvað varðar starfsemi grunnskóla, þ.e. að sveitarfélögum verði veitt skýr heimild til að útvista allan rekstur grunnskóla til einkaaðila. BSRB leggst alfarið gegn slíkri grundvallarbreytingu í menntamálum þjóðarinnar og það án þess að fram hafi farið ítarleg efnisleg umræða um málið. Rekstur grunnskóla er eitt af lykilverkefnum hins opinbera og tryggja verður að foreldrar og börn, hvar í sveitarfélagi sem þau búa, hafi aðgang að öflugum opinberum grunnskólum.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri